

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
101 Reykjavík
Sent til: nefnasvid@althingi.is.


Reykjavík, 17. apríl 2019
Tilvísun: 2019040013


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, með síðari breytingum (upplýsingagjöf), 763. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 3. apríl 2019 þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, með síðari breytingum (upplýsingagjöf), 763. mál.

Frumvarpið var samið af nefnd þar sem sat m.a. fulltrúi Fjármálaeftirlitsins og vonast stofnunin til að frumvarpið nái að verða að lögum á yfirstandandi þingi. Fjármálaeftirlitið er með ábendingu varðandi 10. gr. frumvarpsins sem breytir 9. gr. laganna. Samkvæmt 1. málslíð 4. mgr. ákvæðisins getur Fjármálaeftirlitið sett reglur um mat og eftirlit þegar váttrygging er seld með vöru eða þjónustu sem hluti af pakka eða í sama samningi. Í athugasemdum við ákvæðið segir að slíkar reglur myndu byggjast á viðmiðunarreglum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA). Fjármálaeftirlitið leggur til að þessi 1. málslíður 4. mgr. ákvæðisins falli brott. Fjármálaeftirlitið tekur venjulega slíkar viðmiðunarreglur upp með dreifibréfi og slóð á enska útgáfu þeirra á heimasíðu sinni en ekki með reglum. Þessi regluheimild er því óþörf að mati Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Guðrún Finnborg Þórðardóttir